

Setning fyrsta málþings Gígjunnar – landssambands íslenskra kvennakóra
í Sönghúsinu Domus Vox 4. mars 2005

Heilar og sælar og innilega velkomnar á fyrsta málþing Gígjunnar

Ég heiti Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir og formaður Gígjunnar. Með mér í stjórn eru Ásdís Hjálmtýsdóttir, Ásdís Helga Bjarnadóttir, Kristín Ingimundardóttir og Heiða Gunnarsdóttir.

Það hefur verið ákaflega ánægjulegt að undirbúa þetta málþing með þeim og ég vil byrja á því að þakka þeim konum sem hér flytja erindi í dag fyrir hversu ljúflega þær tóku því að koma hingað. Ykkur öllum þakka ég fyrir að koma hingað.

Dagskráin liggur á borðunum hjá ykkur og hefur af ófyrirsjáanlegur ástæðum tekið aðeins breytingum. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem hafði þekkt boð okkar á þingi um að opna formlega heimasíðu sambandsins forfallaðist á síðustu stundu. Margrét Bóasdóttir, sem leiddi undirbúning að stofnun Gígjunnar mun opna heimasíðuna í hennar stað.

Þið hafið sjálfsagt velt því fyrir ykkur rétt eins og við hvaða hlutverk landssamband af þessu tagi hefur, hvað erum við að gera og hvers vegna. Ástæðan fyrir því að sambandið var stofnað og að stjórnin er að fást við það sem hún er að gera er einfaldlega sú að við trúum því að saman séum við sterkari en við getum verið einar og sér á báti. Við viljum því nota tækifærið hér í dag og rifja upp brot úr sögu kvennakórasöngs á Íslandi, um leið og við horfum til framtíðar, reynum að tengja fortíð og framtíð til þess að auðga starf okkar hér og nú.

Í þessu húsi sem við erum núna er gott og sýnilegt dæmi um slíkt samstarf, hér starfa 3 stúlknakórar, 2 kvennakórar og einn söngskóli undir sama þaki, ekki aðeins í sátt og samlyndi heldur uppskera ríkulega af samstarfi um leið og þeir njóta hagkvæmni af því að vera í sameiginlegu húsnæði sem sniðið er að starfinu.

Gígjan er nú að slíta barnsskónum, verður 2ja ára eftir rúman mánuð. Ganga hennar var skrykkjótt framan af en hún er óðum að ná áttum. Eitt af því sem hún er að átta sig á er að hún þarf ekki að finna upp hjólið, formæður okkar gerðu það fyrir margt löngu við ill skilyrði, þær sungu saman þrátt fyrir það. Saga þeirra var einnig skrykkjótt, það var þaggað niður í þeim með boðum og bönnum en þær risu upp aftur, stofnuðu söngfélög kvenna og kóra og að því búum við nú.

Það má reyndar alveg halda því fram að saga kvennakóra á Íslandi sé þúsund ára og að fyrsti kvennakórinn hafi verið undir stjórn Guðríðar Þorbjarnardóttur er hún söng trúarljóð með sínum heimiliskonum.

Ég get ekki skilist svo við þessa tilvísun í sögu kvennakóra án þess að biðja ykkur að halda til haga öllum gögnum um ykkar kóra. Það hefur verið haft eftir starfsmanni Þjóðskjalasafns að íslensk kvennasaga líði stórlega fyrir tiltektaræði íslenskra kvenna. Látum það ekki bitna að sögu kóranna!

Þá vil aðeins tæpa á því sem við höfum verið að starfa að í stjórninni frá því við vorum kjörnar á aðalfundi í september sl. Það verk sem við erum stoltastar af er

endurreisn heimasíðunnar sem Heiða Gunnarsdóttir mun gera grein fyrir hér á eftir. Heimasíðan verður það sýnilega band sem heldur okkur saman, spegill starfsins og eins og Heiða mun sjálf sagt ítreka við ykkur á eftir þá hefur stjórnin engan áhuga á að vera eina andlitið sem sést í þeim spegli. Heiða hefur borið hitann og þungann af þessu starfi og við þökkum henni kærlega fyrir.

Það er einnig hlutverk Gígjunnar, skv. lögum að standa fyrir námskeiðum og við viljum gjarnan fá ábendingar um hvernig þið teljið að því sé best hagað, hvers konar námskeið og fyrir hverja.

Eins og þið vitið flestar þá verður haldið landsmót íslenskra kvennakóra dagana 29. apríl – 1. maí. Það er Kvennakór Hafnarfjarðar sem annast mótið að þessu sinni. Fulltrúar þeirra eru hér og svara fúslega spurningum í lok dagskrár.

Við höfum líka í okkar starfi ekki vilja einskorða okkur við að starfa einungis eftir lögnum heldur taka mark á ábendingum eins og komu fram á aðalfundinum í haust um að veita kórum þjónustu t.d. upplýsingar um hvernig maður ber sig að við að skipuleggja kórferðalag til útlanda í fyrsta skipti. Við ákváðum því að slá tvær flugur í einu höggi og höfðum samband við ferðaskrifstofuna Úrval-Útsýn sem hefur sérhæft sig í skipulagningu kórferðalaga og báðum hana að annast ferðir kóra á norræna mótið í Västerås sem verður í haust. Við sömdum líka við ferðaskrifstofuna um að birtingu auglýsinga frá þeim á heimasíðu og mun það gjald greiða fyrir rekstur heimasíðunnar. Þá er frétt á heimasíðu um hvert best er að snúa sér ætli kórar í ferðalög til Vesturheims.

Þá höfum við allar fundið fyrir því að lítið er gefið út af tónlist sem sérstaklega er skrifuð fyrir kvennakóra. Við höfðum því samband við Skálholtsútgáfuna sem tók þeirri hugmynd okkar vel að gefa út bók með verkum sem hafa verið sérstaklega skrifuð fyrir kvennakóra. Við skrifuðum ykkur og báðum um ábendingar og leyfi til þess að verk sem þið hafið sjálfar látið skrifa væru gefin út í vor á landsmótinu í sérstakri bók í samvinnu Gígjunnar og Skálholtsútgáfunnar. Þegar hafa borist slíkar ábendingar og leyfi frá Kvennakór Garðabæjar, Kvennakór Reykjavíkur og Kvennakórnum Vox feminae. Við ætlum því að halda samningaviðræðum áfram við útgáfuna og vonandi leiða þær til útgáfu í vor. Við biðjum ykkur því að senda okkur fleiri ábendingar og nótur.

Við höfum sótt um aðild að SFH, samtökum flytjenda og hljómplöguútgefenda. Fyrstu umsókn okkar var hafnað vegna þess að í henni voru ekki upplýsingar um geisladiskautgáfu kóranna síðustu 4 árin. Við sendum því inn nýja umsókn í haust með þessum upplýsingum og umsókn okkar verður afgreidd á aðalfundi í maí.

Þessi samtök munu úthluta fé til aðildarfélaga á grundvelli útgáfu og við höfum rætt það í stjórninni að því væri e.t.v. eðlilegast ef til kemur að stofna útgáfusjóð Gígjunnar sem kórarnir gætu sótt í. Það er þó næstu stjórnar eða aðalfundar að ákveða þetta.

Eins og dagskráin ber með sér þá ætlum við í dag ætlum við að horfa til fortíðar og framtíðar í senn. Fyrsta söngfélag kvenna með þessu heiti Gígjan a.m.k. sem við vitum um var stofnað veturinn 1904 – 1905 og hefði því átt því aldarafmæli um þessar mundir. Annar stofnenda hét Valgerður Lárusdóttir og var þá 17 ára

kennari við Kvennaskólann í Reykjavík og því á sama aldri og nokkrar þeirra stúlkna sem hér syngja fyrir okkur á eftir. Viðfangsefni Valgerðar og þeirra eru auðvitað ólík; þær eru í námi, taka bílpróf, meistarar í golfi, en tónlistin og sönggleðin sameinar þær og þær munu bera íslenskan kvennakóraarf áfram og ávaxta með glæsibrag.

Ég býð Stúlknaór Reykjavíkur og stjórnanda þeirra, Margréti J. Pálmadóttur, hjartanlega velkomnar.

Að loknum þeirra söng tekur Guðrún Hilmisdóttir við fundarstjórn.

Fyrsta málþing Gígjunnar er sett.